

Hverfisráð Breiðholts

Árið 2014, þriðjudaginn 18. nóvember kl. 16:15, var haldinn 105. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, G-sal. Mætt voru Nichole Leigh Mosty formaður, Jórunn Pála Jónsdóttir, Sigbór Ágústsson, Sigmundur Þórir Jónsson og Unnur Ágústsdóttir varamaður. Aðalheiður Franzdóttir boðaði forföll. Áheyrnarfulltrúi: Rafn Einarsson. Aðrir fulltrúar og starfsmenn: Helgi Kristófersson fyrir Íbúasamtökin Betra Breiðholt, Fannar Freyr Eggertsson úr Ungmennaráði Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir fundarlið nr. 1 var Unnur Margrét Arnardóttir.

Þetta gerðist:

- Betri hverfi**

Unnur Margrét Arnardóttir verkefnisstjóri kom á fundinn og kynnti verkefni um Betri hverfi. Fjallað um tímalínu, skipulag og verklag. Hverfisráð mun taka virkan þátt í vinnu við verkefnið og eiga í meiri samskiptum við fagteymi Umhverfis- og skipulagssviðs en áður hefur verið. Eftir fyrirspurnir fór Unnur af fundinum.
- Verkefni á vegum Ungmennaráðs**

Fannar Freyr Eggertsson skýrði frá því að Ungmennaráð Breiðholts hyggst gefa út blað með efnistöfum sem miðast að ungu fólki í hverfinu. Ráðið hefur í hyggju að leita til Hverfisráðs vegna stuðnings. Formaður tók fram að ekki sé til fjármagn hjá hverfisráði fyrr en eftir áramót. Fulltrúar hverfisráðs ræddu möguleika á því að leita eftir stuðningi fyrirtækja og dreifingaradila.

Fannar skýrði frá því að ungmennaráð fundi í Miðbergi á hálfmánaðar fresti. Skortur er á fólki á grunnskólaaldri í ráðinu, en ekki hefur farið fram kosning í ráðið þar undanfarin ár. Hverfisráð samþykkir með öllum greiddum atkvæðum að stefna að ríkulegu samstarfi við ungmennaráð Breiðholts í framtíðinni.

Rafn Einarsson óskaði eftir því að bókað sé í fundargerð að honum finnst ekki lýðræðislegt að kosið sé með atkvæðagreiðslu á fundum Hverfisráðs Breiðholts.

Unnur Ágústsdóttir óskar eftir því að fram komi í fundargerð að hún telji atkvæðagreiðslu vera lýðræðislegustu aðferð sem hægt sé að nota til að samþykkja mál á fundum Hverfisráðs Breiðholts.
- Umræða um frístundir og frístundakort**

Nichole skýrði frá því að hún er byrjuð að kynna sér frístundir í hverfinu með því að heimsækja starfsstaði. M.a. hefur hún heimsótt Miðberg og fór undir leiðsögn framkvæmdastjóra á flest frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í hverfinu. Nichole skýrði frá ýmsum verkefnum sem eru í gangi innan frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs.

Einnig hefur hún í hyggju að heimsækja íþróttafélög í hverfinu, verkefnastjóra frístunda og félagsauðs á Þjónustumiðstöð Breiðholts og fleiri aðila.
- Önnur mál**
 - Málefnalisti ÍBB**

Svör hafa borist frá Umhverfis- og skipulagssviði við fyrirspurnum Íbúasamtakanna Betra Breiðholts. Þau voru send í tölvupósti til allra fulltrúa í Hverfisráði. Fulltrúi ætlaði að koma frá sviðinu á fundinn til að ræða þessi atriði, en forfallaðist vegna veikinda. Frekari fyrirtöku frestað til næsta fundar.
 - Veggjakrot í hverfinu**

Helgi Kristófersson skýrði frá því að íbúar hefðu unnið í samráði við hverfisbækistöðina í Jafnaseli að því að bregðast við veggjakroti í undirgöngum við Vesturberg. Málinu hefði verið sinnt hratt og vel.

Óskar skýrði frá því að Þjónustumiðstöð Breiðholts hefði komið á laggirnar samstarfi við hverfabækistöðina Jafnasel um að halda íbúapening varðandi umhverfismál í hverfinu.
 - Hádegisfundur um miðlun og upplýsingagjöf**

Arnar skýrði frá fundi sem haldinn verður næsta þriðjudag um miðlun og upplýsingagjöf. Fulltrúum hverfisráðs verður boðið á fundinn. Óskar skýrði frá því að stefnt væri að stuttu námskeiði þann 15. janúar um notkun á samfélagsmiðlum. Hverfisráði og stjórnendum í hverfinu verður boðið þangað.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17.39.

Jórunn Pála Jónsdóttir
Sigmundur Þórir Jónsson

Nichole Leigh Mosty

Sigbór Ágústsson
Unnur Ágústsdóttir